

Ályktun frá lækna ráði Landspítala

Lækna ráð Landspítala lýsir yfir miklum áhyggjum af ástandi á fæðingardeild LSH vegna uppsagna ljósmæðra og kjaradeilu þeirra.

Ljósmæður vinna mikilvægt starf við umönnun kvenna á meðgöngu. Á Íslandi hefur náðst mjög góður árangur í fæðingaþjónustu þegar skoðaðar eru tölur um burðarmálsdauða og mæðradauða. Samstarf ljósmæðra og lækna í umönnun kvenna á meðgöngu er þar lykilatriði. Heilbrigðiskerfið virkar sem keðja og ef einn hlekkur hennar er ekki til staðar þá rofnar þjónustan og hætta er á að ekki takist að halda í þann góða árangur sem við höfum náð í fæðingaþjónustu á Íslandi.

Lækna ráð Landspítala hvetur báða samningsaðila í þessari kjaradeilu að semja sem allra fyrst. Kjarabaráttu ljósmæðra hefur nú þegar staðið allt of lengi. Öryggi sjúklinga skal ávallt hafa í forgrunni.

4. júlí 2018